

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. desember 1981.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kjartan Júlíusson.***REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 171/1968, fyrir Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

1. gr.

7. gr. orðist svo:

Starfsár og rekstrarár stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, sérstjórna og nefnda, miðast við 1. júní til 31. maí næsta ár. Ár hvert skal stjórnin birta ársskýrslu um störf sín.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. desember 1981.

Ingvar Gíslason.

*Árni Gunnarsson.***REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 163/1978 um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

b-liður 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 453/1981, orðist svo:
b) 50% gjald skal greiða af öðrum bifreiðum og bifhjólum, þ. m. .t. beltabifhjólum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1981.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.